

# Minnisblað

Reykjavík, 17. ágúst 2018

*Efni: Umræður um fréttáflutning af fundum og aðgengi kjörinna fulltrúa að upplýsingafulltrúum Reykjavíkurborgar*

## 1. Inngangur

Óskað var eftir aukafundi í forsætisnefnd vegna verklagsreglna varðandi fréttáflutning af fundum borgarráðs þriðjudaginn 31. júlí, þar sem fréttatilkynning í nafni Reykjavíkurborgar var send fjölmiðlum þremur klst. áður en fundargerðin var gerð opinber á vef Reykjavíkurborgar.

Forsaga málsins er sú að athygli borgarfulltrúa stjórnaranstöðu vakti að sjá í frétt á vef RÚV, sem birtist kl. 18:14 hinn 31. júlí skv. vefkerfi ruv.is, að vitnað væri í tilkynningu frá Reykjavíkurborg sem heimild fyrir meðfylgjandi frétt enda fundargerðin ekki komin út á vef borgarinnar fyrr en um kl. 19:40. Borgarfulltrúar héldu í fysta að hér hlyti að vera um mistök að ræða hvað heimildir varðaði.

Við nánari athugun kom í ljós að fréttatilkynning af fundi borgarráðs var send fjölmiðlum í nafni borgarinnar kl. 16:59 hinn 31. júlí.

Eins og gefur að líta var hjálögð fréttatilkynning ekki send út í nafni einstakra flokka eða pólitískra aðstoðarmanna heldur í nafni borgarinnar sjálfrar. Þá vakti það einnig athygli að upplýsingastjóri borgarinnar er sendandi og ritar nafn sitt undir fréttatilkynninguna.

Í kjölfarið óskuðu fulltrúar stjórnaranarandstöðunnar eftir skýringum og umræðu um hvaða verklagsreglur gildi varðandi fréttáflutning frá fundum og hvort minnihluti og meirihluti hefðu jafnt aðgengi að upplýsingafulltrúum Reykjavíkurborgar. Borgarráðsfulltrúar stjórnaranarandstöðunnar voru fullvissaðir á fundi borgarráðs 1. ágúst sl. að starfsfólk og embættismenn Ráðhússins ynnu jafnt fyrir meirihluta sem minnihluta. Einmitt þess vegna töldu fulltrúar stjórnaranarandstöðunnar, flokkar D, M, J og F, að nauðsynlegt væri að fá úr því skorið hvort aðstöðumunur sé á meirihluta og minnihluta hvað varðar upplýsingagjöf og aðgengi að upplýsingafulltrúum. Skv. 5 gr. samþykktá forsætisnefndar setur forsætisnefnd reglur um kjör og starfaðstöðu kjörinna fulltrúa. Þannig er það hlutverk forsætisnefndar að skýra frá því hvort fulltrúar stjórnaranarandstöðuflokkanna hafi jafnt aðgengi að upplýsingafulltrúum borgarinnar.

## 2. Tölvupóstsamskipti og fyrirspurnir vegna málsins

1. Upphaf málsins má rekja til eftirfarandi erindis Vigdísar Hauksdóttur hinn 1. ágúst sl. kl. 18:13 vegna málsins:

*Komið þið sæl.*

*Ég verð að lýsa undrun minni á þessum vinnubrögðum.*

*Skv. þeim upplýsingum sem hér koma fram, í þessum samskiptum, verður ekki betur séð en að starfsmenn Reykjavíkurborgar séu skikkaðir til að sinna fréttaflutningi af fundum fyrir meirihlutflokkana. Það getur ekki talist eðlilegt, enda erum við fjölskipað stjórnvald og sú fréttatilkynning sem fór út síðdegis í gær, í nafni Reykjavíkurborgar, hefði skv. því átt að vera borin undir alla stjórn málaflökka í borginni og gerð með upplýstu samþykki þeirra.*

*Þess skal getið áður en lengra er haldið með erindi þetta að fréttatilkynningin er send tæpum þremur klukkustundum áður en fundargerð borgarráðs er gerð opinber fyrir almenningi. Skv. umræðu í borgarráði, síðast í gær, var það skilningur minn að borgarráðsfulltrúar gætu fjallað um sín eigin mál, hvort heldur sem er í fjölmiðlum og/eða á samfélagsmiðlum. Skýrt var tekið fram að okkur væri óheimilt að fjalla um eða vísa í málefni annarra kjörinna fulltrúa.*

*Líti meirihlutinn svo á að hann geti nýtt starfsmenn Reykjavíkurborgar í pólitískum tilgangi fyrir sig þá verður það að teljast afar ámælisvert. Ef svo er, er það frétt næmt út af fyrir sig að verið sé að nota skattfé borgarbúa í þágu einstakra stjórnámálanna og/eða stjórn málaflökka, eins og fréttatilkynningin frá Reykjavíkurborg ber augljóslega með sér.*

*Allt þetta verður að teljast óeðlilegt að mínum dómi, sérstaklega í ljósi þess að á fundi borgarráðs í gær var það margítrekað að starfsmönnum og embættismönnum Reykjavíkurborgar beri að vinna jafnt fyrir meirihluta sem minnihluta.*

*Á þessu má ráða að minn flokkur geti óskað eftir gerð fréttatilkynninga við upplýsingastjóra borgarinnar að fundi loknum, allt eins og meirihlutinn virðist geta gert.*

*Í fréttatilkynningu borgarinnar um borgarráð er fjölmiðlum til að mynda sagt að hafa samband við Þórdísi Lóu Þórhallsdóttur ef frekari upplýsinga er óskað um málið. Það þarf ekki frekari vitnana við, en það sýnir þá staðreynd svart á hvítu að starfsmönnum borgarinnar hefur verið falið að vinna fyrir einstaka stjórn málaflökka, a.m.k. í þessu tilfelli. Mér er spurn af hverju er símanúmer borgarfulltrúans Sönnu Magdalenu Mörtudóttur t.d. ekki látið fylgja með fréttatilkynningu um fundi borgarráðs? Rétt er að taka fram að hér er ekki um retóríska spurningu að ræða.*

*Þá get ég ekki betur séð en að í tilkynningunni séu tölur og staðreyndir sem ekki voru ræddar á fundi borgarráðs í gær. Það eitt og sér þykir mér stórunarlegt og þarfnast leiðréttingar við.*

*Eigi starfsmenn og embættismenn borgarinnar að vera hafnir yfir alla pólitík þá segir það sig sjálft að svona vinnubrögð ganga ekki upp. Á mínum fyrri vinnustað, Alþingi Íslendinga, voru svona*

vinnubrögð ekki liðin og ekki stunduð. Þessi mál og þennan feril þarf að ræða og uppræta þannig að jafnræðis sé gætt milli allra flokka sem eiga sæti í borgarstjórn.

Full ástæða er til að kalla saman forsætisnefnd, öðrum hvoru megin við helgina, til að ræða þessi mál nánar svo unnt sé að koma á gegnsæjum verklagsreglum og ferlum innan borgarkerfisins sem snúa að samskiptum kjörinna fulltrúa við starfsmenn og embættismenn borgarinnar og hvaða verk kjörnir fulltrúar, sama hvar í flokki þeir standa, geta falið þeim. Ekki verður betur séð en að þetta þarfnist athugunar við og nánari skýringa.

Fyrir mitt leyti er ýmsum spurningum enn ósvarað, t.d. þeirri spurningu hver fól upplýsingastjóra borgarinnar að gera umrædda fréttatilkynningu og senda hana á fjölmiðla?

Að lokum skal þess getið að afrit af þessu tölvuskeyti fer jafnframt á Þórdísi Lóu Þórhallsdóttur formann borgarráðs og Dóru Björt Guðjónsdóttur forseta borgarstjórnar.

Með von um skjót viðbrögð og fund í forsætisnefnd hið fyrsta.

Kær kveðja,

Vigdís Hauksdóttir, oddviti Miðflokksins í borgarstjórn

3. Samdægurs biður Vigdís Hauksdóttir Helgu Laxdal, skrifstofustjóra borgarstjórnar með tölvubréfi mið. 1.8, kl. 20:08 að koma eftirfarandi fyrirspurnum formlega á framfæri til þeirra sem málið varðar:

Sæl á ný Helga

Viltu vinsamlegast senda eftirfarandi spurningar fyrir mig á upplýsingastjóra borgarinnar:

1. Hver óskaði eftir því að send yrði út fréttatilkynning frá fundi borgarráðs hinn 31. júlí 2018?
2. Klukkan hvað kom sú beiðni og frá hverjum?
3. Um hvað snerist beiðnin nákvæmlega?
4. Hafðir þú undir höndum fundargerð borgarráðs við vinnslu tilkynningarinnar, ef ekki hvar fékkstu þá upplýsingarnar?
5. Nú var fréttatilkynningin send tæpum þremur klukkustundum áður en fundargerð borgarráðs var gerð opinber fyrir almenningi á vef Reykjavíkurborgar. Skv. því sem okkur borgarfulltrúum hefur verið tjáð er borgarráðsfulltrúum eingöngu, einum og sér, heimilt að vitna í eigin orð frá fundinum og eigin tillögur í fjölmiðlum og/eða á samfélagsmiðlum þangað til fundargerðin hefur verið gerð opinber. Skýrt var tekið fram að okkur sé óheimilt fram að þeim tíma að fjalla um eða vísa í málefni annarra kjörinna fulltrúa. Er upplýsingastjóra kunnugt um þetta?



6. Nú er fjallað um tillögu eins fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna: Var það borið undir viðkomandi fulltrúa áður en fréttatilkynning borgarinnar var unnin og send út? Ef svo er ekki, hvaðan komu þær upplýsingar og frá hverjum um að tillagan hafi verið samþykkt?

7. Var fjölmiðlum bent á nafn og símanúmer viðkomandi borgarfulltrúa úr stjórnarandstöðunni, í því skyni að fá ítarlegri upplýsingar frá fyrstu hendi?

8. Er upplýsingastjóri skráður innherji í borgarráði, ef svo er hvenær gerðist það? Þá er óskað eftir dagsettum gögnum þess efnis?

9. Get ég sem kjörinn fulltrúi og eða minn flokkur, og aðrir flokkar í stjórnarandstöðunni, óskað eftir gerð fréttatilkynninga við upplýsingastjóra borgarinnar að fundum loknum, eins og meirihlutflokkarnir virðist geta gert?

Ég fer vinsamlegast fram á að þú greinir mér frá því hvort upplýsingastjóri hafi nokkurn tíma fengið afrit af tölvupóstsamskiptum okkar varðandi þessi mál?

Ég leyfi mér vinsamlegast að lokum að ítreka ósk mína um aukafund í forsætisnefnd vegna málsins, hið snarasta.

Með kærri kveðju

Vigdís Hauksdóttir, oddviti Miðflokksins í borgarstjórn

4. Svohljóðandi svar barst frá Stefáni Eiríkssyni hinn 2. ágúst sl. kl. 13:56 sem borgarfulltrúi Vigdís Hauksdóttir taldi með fullnægjandi svar:

Sæl Vigdís,

Ég ásamt upplýsingastjóra fékk í gær framsent erindi þitt frá Helgu Björk Laxdal sem snýr að starfi og hlutverki upplýsingadeildar Reykjavíkurborgar. Þar gætir misskilnings um hlutverk deildarinnar sem sjálfsagt er að leiðrétta.

Starfsfólk upplýsingadeildarinnar hefur það hlutverk m.a. að skrifa og setja inn fréttir frá Reykjavíkurborg á vefinn og samfélagsmiðla og senda til fjölmiðla. Þetta eru fjölbreyttar fréttir úr öllu starfi borgarinnar og þar á meðal frá helstu ákvörðunum sem teknar eru í nefndum og ráðum borgarinnar. Fulltrúar upplýsingadeildar sitja ekki þessa fundi en fá upplýsingar um fundina frá stjórnendum Reykjavíkurborgar sem þá sitja og formönnum viðkomandi nefnda og ráða. Upplýsingum er miðlað á vef Reykjavíkurborgar og með tilkynningum til fjölmiðla að fundum loknum. Þessi miðlun fer fram óháð því hvenær fundargerð er tilbúin til birtingar á netinu eftir prófarkalestur, enda eru þær ákvarðanir sem teknar eru á fundum nefnda og ráða opinberar þegar fundi er lokið eins og kunnugt er, að því frátöldu að mál sem merkt eru sem trúnaðarmál eru áfram trúnaðarmál þar til annað er ákveðið. Rétt er þó að áréttast að í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar segir sérstaklega að óheimilt sé að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundinum, en þetta gildir augljóslega ekki um niðurstöður fundar, afdrif tillagna, bókanir sem finna má í fundargerð og annað

*það sem opinbert er í fundargerð að fundi loknum. Miðlun fréttu á vef Reykjavíkurborgar frá fundum nefnda og ráða hefur verið með þessum hætti um langt árabil. Minni einnig á í þessu samhengi upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar, en þar segir sérstaklega um þetta atriði:*

*„Formenn í nefndum og ráðum bera ábyrgð á kynningu helstu stefnumála og ákvarðana og samskiptum nefnda og ráða við almenning og fjölmiðla.“*

*Upplýsingadeildin hefur ekki það hlutverk að miðla fréttum fyrir stjórnmalaflokka og fréttatilkynningar eða annað efni sem sett er á síður Reykjavíkurborgar er ekki borið undir einstaka stjórnmalaflokka. Fréttirnar eru unnar af starfsfólki Reykjavíkurborgar, eftir atvikum í samvinnu við formenn viðkomandi nefnda eða ráða, sviðsstjóra og aðra sérfræðinga sem starfa hjá Reykjavíkurborg. Stjórnmalaflokkarnir sjálfir hafa ekki til þessa óskað eftir aðstoð deildarinnar við að miðla sínu efni til fjölmiðla eða skrifa fréttatilkynningar, enda er það ekki hlutverk deildarinnar að sinna slíku pólitísku starfi.*

*Vegna spurninga um skráningu upplýsingastjóra Reykjavíkurborgar sem innherja þá er Bjarni Brynjólfsson upplýsingastjóri skráður innherji hjá Reykjavíkurborg og hefur verið undanfarin ár.*

*Með góðri kveðju,*

*Stefán Eiríksson.*

5. Borgarfulltrúinn Vigdís Hauksdóttir send eftirfarandi töluþóst hinn 3. ágúst kl. 19:50 í kjölfarið þar sem óskað er nánari útskýringa:

*Sæll Stefán.*

*Þakka svör þín við spurningum mínum sem fram voru settar í tölvubréfi dags. 1. ágúst 2018.*

*Það er skoðun mín að svarbréfið svari með engu móti öllum spurningunum sem fram eru settar og veki reyndar upp fleiri spurningar heldur en reynt er að svara. Spurningar mínar voru tölusettar og ég fer vinsamlegast fram á að fá skilmerkileg svör við þeim öllum.*

*1. Þú vísar máli þínu til stuðnings að í upplýsingastefnunni komi fram að formenn ráða og nefnda beri ábyrgð á að upplýsingar berist til fjölmiðla og almennings: Ertu með því að segja að þá beri formaður borgarráðs ábyrgð á því að fréttatilkynning með villandi upplýsingum fór út? Þær tölur sem nefndar eru í fréttatilkynningunni voru aldrei ræddar í borgarráði.*

*Þá ber þess að geta að þú segir í svari þínu að það sé skylda að upplýsa almenning. Það ætti þá eðli málsins samkvæmt að sjálfsögðu að bera fréttatilkynningu undir alla fulltrúa, bæði í meiri- og minnihluta, enda erum við fjölskipað stjórnvald og slík vinnubrögð eru í anda góðrar og gagnsærrar stjórnsýslu.*

*2. Hvað varðar það ákvæði upplýsingarstefnunnar sem þú vísar í þá þýðir það ekki að formaðurinn einn eigi að hafa með fréttatilkynningar að gera þó hann beri ábyrgð á miðlun upplýsinga. Um það segir ekkert í upplýsingastefnunni.*



3. Þegar um fjölskipað stjórnvald er að ræða er óeðlilegt að upplýsingafultrúi vísi eingöngu á fulltrúa meirihlutans en ekki stjórnarandstöðunnar, það geta á engan hátt talist eðlileg vinnubrögð.

4. Eftir stendur, hver, hvenær og kl. hvað var óskað eftir að tilkynning yrði gerð og send út?

5. Á hvaða gögnum byggði upplýsingadeildin umrædda fréttatilkynninguna?

6. Af hverju er talað um að 8 tillögur meirihlutans hafi verið samþykktar en ekki tillögur stjórnarandstöðunnar eins og raun bar vitni. Heldur var einvörðungu talað um aðra tveggja tillagna stjórnarandstöðunnar sem samþykkt var? Það þarfnast skýringa við. Í upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar í kaflanum Traust upplýsingamiðlun 1.4. segir: „að ef rangar upplýsingar eru veittar skal leitast við að leiðrétta þær, biðjast afsökunar og tilkynna það opinberlega ef þörf krefur.“ Hefur það verið gert í þessu tilfelli? Sömuleiðis má spyrja hvort það hafi verið gert í því tilfelli sem nefnt er í lið 1. hér að ofan?

7. Hver er ástæðan fyrir því að upplýsingastjóri Reykjavíkurborgar er skráður innherji í borgarráði?

8. Í svarinu kemur fram að hann hafi verið skráður innherji í borgarráði undanfarin ár, hvenær var hann sérstaklega skráður „innherji í borgarráði“?

Svörin og athugasemdir mínar við þeim kalla á frekari skoðun þessara mála og nauðsyn þess að forsætisnefnd komi saman sem fyrst til að skýra þessi mál frekar og eyða allri óvissu. Stjórnarandstöðuflokkarnir hafa nú þegar farið fram á aukafund vegna málsins við forseta borgarstjórnar.

Þá ber þess geta að afrit af þessu svarbréfi fá oddvitar stjórnarandstöðuflokkanna og fulltrúar hennar í forsætisnefnd.

Með kærri kveðju og ósk um góða helgi,

Vigdís Hauksdóttir, oddviti Miðflokksins í Reykjavík.

1. Borgarritari Stefán Eiríksson svarar í kjölfarið tölvupóstinum 6 dögum síðar eða hinn 9. ágúst kl. 9:08 með eftirfarandi orðum:

Sæl aftur Vigdís.

Sjálfsgagt að fara nánar yfir þau atriði sem þú óskar eftir.

1. Vísa í fyrri svör varðandi ábyrgð formanna þegar kemur að samskiptum nefnda og ráða við fjölmiðla. Fréttatilkynningar Reykjavíkurborgar eru ekki bornar undir einstaka stjórnmalaflokka.
2. Sjá svar við spurningu eitt og eftirfarandi úr upplýsingastefnunni: „Formenn í nefndum og ráðum bera ábyrgð á kynningu helstu stefnumála og ákvarðana og samskiptum nefnda og ráða við almenning og fjölmiðla.“
3. Sjá fyrri svör.
4. Tilkynningar eru unnar samhliða hverjum fundi og jafnvel fyrr ef tími vinnst til, og endanlega gengið frá þeim að loknum hverjum fundi þegar niðurstöður fundarins liggja fyrir. Þetta gerir starfsfólk upplýsingadeildar í samvinnu við viðkomandi formann og annað starfsfólk Reykjavíkurborgar eftir atvikum á grunni fyrirliggjandi gagna.
5. Sjá svar við spurningum hér að framan.

6. Ef eitthvað er rangt í tilkynningum á vef Reykjavíkurborgar er það að sjálfsögðu leiðrétt. Tilkynningar af þessum toga geta hins vegar aldrei geymt heildarupplýsingar um það sem gerðist á einstaka fundum.

7. Upplýsingastjóri Reykjavíkurborgar skrifar m.a. fréttir af vettvangi borgarráðs, t.d. fréttir sem snúa að fjárhagslegum atriðum, uppgjöri, ársreikningum o.s.frv. Við þá vinnu hefur hann aðgang að gögnum áður en þau eru birt formlega og opinberlega. Í því ljósi var hann skráður innherji á sínum tíma.

8. Á heimasíðu FME má sjá að hann var skráður innherji 27. október 2016, en upplýsingar um þetta eru opinberar og aðgengilegar á áðurnefndri heimasíðu.

Bestu kveðjur,

SE

6. Borgarfulltrúinn Vigdís Hauksdóttir lauk samkiptum sínum við borgarritara eftir að hafa meitið það sem svo að hún hefði ekki erindi sem erfiði við að fá greinargóðar upplýsingar frá borgarritara með eftirfarandi pósti til allra oddvita í flokka í borgarstjórn Reykjavíkur hinn 11. ágúst 2018 kl. 10:34, þar sem farið var fram á aukafund í forsætisnefnd vegna málsins:

*Kæru kollegar.*

*Fullreynt er að fá skýr og skilmerkileg svör frá borgarritara varðandi þessi mál. Því þarf að taka málið upp á næsta stig. Það getur ekki talist ásættanlegt að þurfa að standa í orðaskiptum við embættismenn þar sem reynt er að snúa út úr eða fara eins og köttur í kringum heitan graut í stað þess að svara spurningunum með greinargóðum hætti. Við skulum því fara fram á aukafund í forsætisnefnd vegna málsins og legg til að sá fundur verði í upphafi vinnudagsins 17. ágúst nk. en vinnudagurinn getur svo hafist í framhaldi af honum. Ef ekki verður unnt að verða við þeirri beiðni, legg ég til að fundurinn verði í upphafi næstu viku.*

*Með von um jákvæð viðbrögð.*

*Virðingarfyllst,*

*Vigdís Hauksdóttir, oddviti Miðflokksins í borgarstjórn Reykjavíkur.*

## 7. Fréttatilkynningin sem um ræðir

**From:** Bjarni Brynjólfsson <Bjarni.Brynjolfsson@reykjavik.is>

**Date:** Tuesday, 31 July 2018 at 16:59

**Subject:** Fréttatilkynning: Aðgerðir í húsnæðismálum samþykktar í borgarráði

Fréttatilkynning 31. júlí

Aðgerðir í húsnæðismálum samþykktar í borgarráði

Borgarráð samþykkti í morgun átta tillögur meirihluta borgarráðs um aðgerðir í húsnæðismálum á aukafundi sem minnihluti borgarráðs óskaði eftir. Þá var samþykkt tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands um að kanna væntingar og þarfir einstaklinga í húsnæðisvanda. Tillögum minnihlutans var flestum vísað til frekari skoðunar hjá Velferðarráði og fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

Tillögurnar eru hluti af aðgerðum meirihlutans í húsnæðismálum og luttu þær flestar að húsnæði til þeirra sem teljast utangarðs Meðal þess sem var samþykkt var að útvega fimm lóðir fyrir allt að 25 smáhýsi á árinu 2018, bæta þjónustu í samstarfi við ríkið um heilbrigðisþjónustu utangarðsfólks og að velferðarsvið ljúki tillögugerð um áframhaldandi uppbyggingu húsnæðis fyrir fólk sem telst utangarðs.

Þá voru samþykktar tillögur um viðræður við ríkisvaldið og verkalýðshreyfinguna um breytingar á reglum um stofnframlög, áskorun til ráðherra húsnæðismála um að sveitarfélögum verði gert skylt að fjölga félagslegum íbúðum að ákveðnu hlutfalli við íbúafjölda og að teknar verði upp viðræður við önnur sveitarfélög um þátttöku í kostnaði við úrræði sem íbúar viðkomandi sveitarfélaga nýta sér en borgin ber hitann og þungan af.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs, segir að aldrei hafi fleiri íbúðir verið í byggingu í sögu Reykjavíkur og í ár. „Hvergi á Íslandi eru framlög til húsnæðismála hærri en í Reykjavík. Alls eru framlög til málaflokksins á árunum 2018-2022 áætluð 70 milljarðar, þar af 14,2 milljarðar í ár. Þá er félagslegum íbúðum að fjölga ört enda kaupa Félagsbústaðir íbúðir í nær öllum uppbyggingarverkefnum sem nú eru í gangi í Reykjavík í þeim tilgangi að stytta biðlista. Ef öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu ættu sama hlutfall félagslegra íbúða og Reykjavík þá væru engir biðlistar eftir félagslegu húsnæði,” segir Þórdís Lóa.

*Nánari upplýsingar veitir Þórdís Lóa Þórhallsdóttir formaður borgarráðs í síma 863 1136*

Með bestu kveðjum

**Bjarni Brynjólfsson**  
Upplýsingastjóri

Sími: 411 4503 / 893 3389

Ráðhúsi Reykjavíkur, 2. hæð.  
Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík.

**Göngum vel um borgina okkar. Takk fyrir að flokka.**

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

**8. Frétt á vef RÚV**



## Samþykktu aðgerðir í húsnæðismálum

© 31.07.2018 • 18174 [Skipt](#) [Skipt](#) [Skipt](#)



Borgarráð samþykki í morgun átta tillögur meirihluta borgarráðs um aðgerðir í húsnæðismálum. Á áskafundi sem hinni miðri borgarráðs óskali eftir. Þá var samþykkt tilaga áheyrnarhlutris bótaráttstökka löunds um að kanna væntingar og þarfi atvikaþings í húsnæðivanda. Tillögum meirihlutans var fæstun vidd til frekan óskulnar hjá Velkðarráði og fjármálaáskafstofu Reykjavíkurbergan.

Í tilkynningu frá Reykjavíkurborg kemur fram að tillögutur eru hvut af aðgerðum meirihlutans í húsnæðismálum og luttu þær fæstar að húsnæði til þeirra sem tekiast utangaðs. Meðal þess sem var samþykkt var að útvega fimm lóðir fyrir allt að 25 samganga á vinnu 2018. Þessa fjónustu í samstarfi við ríkið um heilbrigðis fjónustu utangaðstök og að veltastarsvið ljúki tillögutur b um áframhaldandi uppbyggingu húsnæðis fyrir fólk sem tekiast utangaðs.

Þá vonu samþykktar tillögur um viðbætur við ríkisskuldfríð og verkalyðshreyfinguna um breytingar á reglum um stofnframlög. Áskotun til ráðherra húsnæðismála um að sveitarfélögum verði gert skylt að fólga félagslegum töðum að skiveðnu húðfalli við þauþjóð og að tekiar verði upp viðbætur við önnur sveitarfélög um þátttöku í kosnaði við úrskæli sem tekiar viðkomandi sveitarfélög nýja sér en borgin ber hlann og þungan af.

**JON HÁKON HALLDÓRSSON**  
Framsatturá RÚV

Sendu skilaboð

Skilaboð

### Tengdar fréttir



Fjólfélagslegur hreyfingur í húsnæðismálum



Leikvergið að vörð og gíttunum



Ólga Áskafunna í borgarráði

## 9. Tillögur til úrbóta

*Svo unnt sé að hafa eftirlit með upplýsingagjöf borgarrinnar er nauðsynlegt að leggja fram eftirfarandi tillögu:*

**Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins og Fólks flokksins um að fréttatilkynningar séu sendar ráðsmönnum og oddvitum flokka**

Lagt er til að allar fréttatilkynningar, sem sendar eru út í tengslum við fundi nefnda og ráða, séu sendar nefndar- og ráðsmönnum viðkomandi ráðs auk oddvita flokkanna um leið og þær eru sendar fjölmiðlum enda er Borgarstjórn Reykjavíkur fjölskipað stjórnvald. Þetta er í anda góðrar og gegnsærrar stjórnsýslu.

Virðingarfyllst,



---

**Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins**